



# Meginniðurstöður ársreiknings 2004

## Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2004:

Í milljónum króna	2004	2003
Iðgjöld	388	373
Lífeyrir	-615	-587
Fjárfestingartekjur	1.473	1.565
Fjárfestingargjöld	-21	-17
Rekstrarkostnaður	-27	-25
Hækkun á hreinni eign á árinu	1.197	1.309
Hrein eign frá fyrra ári	12.697	11.388
Hrein eign til greiðslu lífeyris	13.894	12.697

## Efnahagsreikningur 31. desember 2004:

Í milljónum króna	2004	2003
Hlutabréf og verðbréfasj.	9.848	8.561
Markaðsverðbréf	2.531	2.463
Veðlán	743	755
Önnur útlán	546	702
Bankainnistæður	26	123
Kröfur	65	51
Aðrar eignir	150	60
Skuldir	-14	-18
	13.908	12.715
	13.894	12.697

## Tryggingafræðileg staða

Gerð var tryggingafræðileg úttekt á sjóðnum miðað við árslok 2004. Endurmetin hrein eign sjóðsins miðað við 3,5% ávöxtun nemur í árslok 2004 14.258 mkr. og verðmæti framtíðariðgjalda 3.867 mkr. eða samtals 18.126 mkr. Heildarskuldbindingar nema 20.082 mkr. Sjóðinn vantar því 1.957 mkr., eða 9,7%, til að eiga fyrir heildarskuldbindingum. Áfallnar skuldbindingar nema 15.124 mkr. Halli miðað við áfallnar skuldbindingar er því 866 mkr., eða 5,7%. Í árslok 2003 voru eignir 7,2% lægri en heildarskuldbindingar og 3% lægri en áfallnar skuldbindingar. Samkvæmt lögum ber að skerða réttindi og lífeyrisgreiðslur ef halli verður eitt ár umfram 10% eða umfram 5% fimm ár í röð. Aðgerðir vegna stöðu sjóðsins eru óumflýjanlegar í nánustu framtíð.

## Lífeyrisskuldbindingar

	2004	2003		2004	2003
Hlutfall eigna af heildarskuldbindingum	90,3%	92,8%	Hlutfall eigna af áföllnum skuldbindingum	94,3%	97,0%

## Ávöxtun – Fjárfestingarstefna

Ávöxtun sjóðsins á árinu var 11,32% sem jafngildir 7,13% hreinni raunávöxtun. Hrein raunávöxtun árið 2003 var 10,49%. Helstu ástæður lakari ávöxtunar en 2003 er sú að erlendis markaðir gáfu ekki eins vel af sér og vonir stóðu til vegna styrkingar krónunnar gagnvart bandaríkjadollar en mikil hækkun varð hins vegar á innlendum hlutabréfum sem vega ekki þungt í samsetningu eigna sjóðsins. Samkvæmt fjárfestingarstefnu sjóðsins 2004 skal samsetning eigna vera sem næst eftirfarandi hlutföllum: Skuldabréf með ríkisábyrgð 40%, önnur skuldabréf 25%, erlend hlutabréf 25% og innlend hlutabréf 10%. Heimilt er að leggja allt að 15% eigna inn á bundna innlánsreikninga.

## Kennitölur

	2004	2003		2004	2003
Nafnávöxtun	11,32%	13,50%	Eignir í íslenskum krónum	78,65%	82,40%
Hrein raunávöxtun	7,13%	10,49%	Eignir í erlendum gjaldm.	21,35%	17,60%
Meðaltal hrein raunávöxtun sl. 5 ár	1,33%	1,85%	Fjöldi virkra sjóðfélaga	3.364	3.530
Meðaltal hrein raunávöxtun sl. 10 ár	4,76%	4,62%	Fjöldi lífeyrisþega	3.668	3.650

## Sjóðfélagalán

Hámarkslán nema 2.000.000 króna út á 16 stiga réttindi en 1.500.000 króna lán eru veitt út á 3 stiga réttindi. Vextir breytast 15. hvers mánaðar og eru 1,5 prósentustigum hærrí en meðaltalsávöxtun á nýjstu flokkum íbúðabréfa til 20 og 30 ára. Vextir verða þó ekki lægri en 5%. Lánasjóður landbúnaðarins sér um afgreiðslu og innheimtu lánanna.

## Ársfundur

Ársfundur sjóðsins verður haldinn í Bændahöllinni þriðjudaginn 14. júní n.k. og verður nánar auglýstur síðar.

### LÍFEYRISSJÓÐUR BÆNDA

Skrifstofa sjóðsins er til húsa á 3. hæð í Bændahöllinni við Hagatorg, 107 Reykjavík  
Afgreiðslutími er frá kl.10 - 16.  
Sími 563 0300 og myndsendir 561 9100

Heimasíða lífeyrissjóðsins er [www.lsb.is](http://www.lsb.is)  
Netfang: [lsb@lsb.is](mailto:lsb@lsb.is)

### Stjórn Lífeyrissjóðs bænda

Guðríður Þorsteinsdóttir, formaður  
Ólafur Páll Gunnarsson  
Loftur Þorsteinsson  
Guðmundur Grétar Guðmundsson  
Örn Bergsson

Framkvæmdastjóri er Sigurbjörg Björnsdóttir